

Lagt fyrir fund velferðarráðs 1. október 2025

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands um endurskoðun á reglum fjárhagsaðstoðar hvað varðar árlega endurskoðun fjárhæða

Velferðarráð felur velferðarsviði að leggja fram tillögu um hvernig megi tryggja að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar verði endurskoðaðar árlega, á ákveðnum tímapunkti við vinnu fjárhagsáætlunar. Jafnframt verði sviðinu falið að kanna hvort unnt sé að kveða á í reglum Reykjavíkurborgar um viðmið um endurskoðun fjárhæða þannig að það taki að lágmarki mið af verðlagsforsendum fjárhagsáætlunar en þó með hliðsjón af samþykkttri fjárhagsáætlun hverju sinni.

Greinargerð:

Í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð segir að velferðarráð skuli árlega endurskoða fjárhæðir aðstoðar í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Velferðarsviði er falið að meta hvort unnt sé að skerpa verkferlið þannig að endurskoðun fari fram á ákveðnum tímapunkti í fjárhagsáætlunargerðinni. Einnig skal sviðið kanna hvort hægt sé að kveða á um í reglunum að miða skuli við að fjárhæðir hækki árlega í samræmi við a.m.k. verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar, en með hliðsjón af samþykkttri fjárhagsáætlun hverju sinni.